

Föstudaginn 16. janúar 1987.

Nr. 205/1986. **Axel Ström Óskarsson**

gegn

Malbikunarstöð Reykjavíkur

Frestur.

Úrskurður Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 2. júlí 1986, að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag. Áfrýjað er fjárnámsgerð, er fram fór í fógetarétti Kjósarsýslu 4. október 1985. Málið var þingfest í Hæstarétti 4. október 1986 og þá frestað í þrjá mánuði til 7. janúar 1987. Krafðist áfrýjandi þá frekari frests til framlagn-ingar ágrips í málinu, aðallega til aprílmánaðar, en til vara styttri frests.

Stefndi mótmælti frekari fresti og krafðist þess, að málið yrði fellt niður, svo og ómakslauna úr hendi áfrýjanda.

Áfrýjandi kveðst hafa beðist dómsgerða í málinu með bréfi 18. júlí 1986, en eigi fengið þær í hendur enn, þrátt fyrir ítrekaðar óskir í desember sl.

Þegar þetta er haft í huga, svo og ákvæði 41. gr. laga nr. 75/1973, þykir rétt að veita áfrýjanda frest til 2. febrúar 1987.

Krafa stefnda um ómakslaun er ekki tekin til greina.

Á l y k t a r o r ð:

Málinu er frestað til 2. febrúar 1987.

Krafa stefnda um ómakslaun er ekki tekin til greina.